



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1099*  
*komudagur 20.2.2012*

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um háskóla, nr. 63/2006 (sjálfstæði og lýðræði í háskólum, réttindi fatlaðra nemenda). Þingskjal 714 – 468. mál.**

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) lýsir yfir almennri ánægju með frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla nr. 63/2006. Um einstakar breytingatillögur frumvarpsins vill stjórn FPR koma eftirfarandi á framfæri:

Stjórn FPR styður efnislega ákvæði 2. gr. frumvarpsins og leggur til að fyrsti og annar málsliður fyrstu málsgreinar orðist svo: „Háskólum er skylt að virða fræðilegt sjálfstæði akademískra starfsmanna sinna. Fræðilegt sjálfstæði akademískra starfsmanna felur í sér rétt þeirra til að haga kennslu og rannsóknum á þann hátt sem þeir telja skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur.“ Síðasti másl. 1. mgr. orðist svo: „Viðfangsefni rannsókna og efnistöð í kennslu á einstökum fræðasviðum háskóla skulu vera óháð afskiptum þeirra sem eiga skólann, leggja honum til fé eða stýra honum“.

*Rök: Fræðilegt sjálfstæði vísar til akademískra starfsmanna en ekki starfsmanna almenn. Akademískt frelsi m.t.t. rannsókna og kennslu vísar bæði út á við (eigendur eða aðrir utanaðkomandi aðilar) og inn á við (yfirstjórn háskóla) og það þarf að koma fram í lögum.*

Nýr málsliður komi á eftir 1. másl. 1. mgr. 15. gr. laganna sem orðist svo: „Þar skal gert ráð fyrir setu fulltrúa akademískra starfsmanna og nemenda í stjórn eða háskólaráði og í þeim stjórnunareiningum þar sem fjallað er um kennslu og rannsóknir“. Við 10. gr. c í frumvarpinu bætist nýr másl. sem orðist svo: „Hann skal uppfylla kröfur 1. mgr. 18. gr. til að bera starfsheitið prófessor á einu eða fleiri viðurkenndum fræðasviðum viðkomandi háskóla“.

*Rök: Rannsóknir og kennsla eru kjarnastarfsemi háskóla. Því er gríðarlega mikilvægt að í háskólaráði sitji akademískir fulltrúar til að tryggja faglega umfjöllun um málefni háskóla í háskólaráði. Þá er mjög mikilvægt að rektor háskóla hafi prófessorshæfi enda er hann akademískur forystumaður háskólans auk þess að stýra honum.*

1. másl. 16. gr. laganna orðist svo: „Í hverjum háskóla skal haldinn háskólafundur a.m.k. tvisvar sinnum á ári“. 5. másl. 16. gr. laganna (*Rektor stýrir háskólafundi*) falli brott. Í stað 5. másl. komi eftirfarandi másl.: „Háskólafundur kýs sér formann og varaformann til þriggja ára. Formaður stýrir háskólafundi og varaformaður í forföllum hans. Rektor er ekki kjörgengur til setu á háskólafundi, en

hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Háskólafundur er heimilt að skipa starfshópa sem hafa það hlutverk að fjalla um einstök málefni fundarins. Samþykktir og ályktanir háskólafundar þurfa samþykki meirihluta fundarmanna“.

*Rök: Mikilvægt er að tryggja faglegt aðhald með því að auka sjálfstæði háskólafundar.*

*Háskólafundur er einungis ráðgefandi gagnvart framkvæmdastjórn háskóla og verður að hafa sjálfstæði gagnvart framkvæmdastjórninni, geta tekið upp mál og fjallað efnislega um þau með sjálfstæðum og faglegum hætti. Í því skyni er ástæða til að fjölga háskólafundum um leið og greina þarf skýrar á milli fundarins og framkvæmdastjórnar háskólans. Þannig kjósi fundurinn sjálfur formann og varaformann sem stýri fundi, auk þess sem rektor er ekki kjörgengur en hefur málfrelsi og tillögurétt.*

Loks fagnar stjórn FPR nýjum ákvæðum 12. gr. frumvarpsins um doktorsmenntun akademískra starfsmanna og dómnefndarmanna.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla

Rúnar Vilhjálmsson formaður.